



Samfélagsstefna

Grímsnes- og Grafningshrepps 2022-2024



GRÍMSNES- OG
GRAFNINGSHREPPUR

Formáli

Á vordögum 2018 lagði fræðslunefnd fram áskorun til sveitarstjórnar um að gerð yrði fjölskyldustefna fyrir sveitarfélagið, aðalmarkmið stefnunnar yrði að: „stuðlað að meiri samveru fjölskyldunnar“. Sveitarstjórn samþykkti að hafinn skyldi undirbúningur að gerð fjölskyldustefnu að hausti. Í mars 2019 var haldið íbúáþing um fjölskyldustefnu þar sem fulltrúar allra nefnda sveitarfélagsins voru virkir þátttakendur. Lagt var upp með eftirfarandi málaflokka; fræðslumál, félagsþjónusta og velferð, umhverfi, samgöngur og skipulag, frístundir og lýðheilsa og menning. Á íbúáþinginu kom sú hugmynd fyrst fram að í raun væri verið að vinna að víðtækri stefnu þar sem allt samfélagið væri undir en þó með sérstaka áherslu á fjölskylduna og málefni tengd henni. Samþykkt var í framhaldinu að unnið yrði að samfélagsstefnu fyrir sveitarfélagið. Í kjölfar íbúáþingsins var haldinn fundur með börnum í 5. -10. bekk grunnskólans þar sem sömu málaflokkar og á íbúáþingi voru teknir til umræðu. Nefndir unnu áfram með punkta frá íbúáþingi og fundi nemenda, mótuðu stefnu í sínum málaflokki og komu með hugmyndir af verkefnum og leiðum þeim tengdum. Árið 2020 var tekin ákvörðun um að sveitarfélagið tæki þátt í verkefninu Heilsueflandi samfélag en með þátttöku í því verkefni skiptir máli að heilsa sé tekin til greina í öllu starfi sveitarfélagsins.

Samfélagsstefnu Grímsnes- og Grafningshrepps er ætlað að vera leiðarljós fyrir sveitarstjórn og íbúa sveitarfélagsins til að búa fjölskyldum í sveitarfélaginu sem best skilyrði til velferðar, þroska og hamingju. Stefnan á líka að vera tæki fyrir stjórnendur sveitarfélagsins, fyrirtæki og félagasamtök sem koma að velferð íbúa á einn eða annan hátt, til að sinna skyldum gagnvart íbúum sveitarfélagsins og til að byggja upp gott fjölskylduvænt samfélag og stuðla að auknum lífsgæðum. Horft var til þess að í þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu er talað um að markmið slíkrar stefnu skuli feli m.a. í sér „*Að skapa góðar forsendur til þess að ala upp börn (hér á landi) og skapa góð uppvaxtarskilyrði fyrir öll börn svo þau fái notið þess öryggis sem þau þarfnast. Með því verði stuðlað að sjálfbærnu samfélagi sem styður við jákvæða þróun, efnahag og lýðheilsu*“.

Hluti af samfélagsstefnunni eru stefnur og áætlanir sem sveitarfélagið hefur sett fram í ýmsum málaflokkum sem varða fjölskyldur og samfélagið, t.d. skólustefna.

Gerður Dýrfjörð tómstunda- og félagsmálafulltrúi Grímsnes- og Grafningshrepps og Guðrún Ása Kristleifsdóttir heilsu- og tómstundafulltrúi unnu samfélagsstefnuna í samvinnu við sveitarstjórn og nefndir sveitarfélagsins.

Mynd á forsíðu: Guðrún Ása Kristleifsdóttir

Framtíðarsýn

Grímsnes- og Grafningshreppur leggur áherslu á að styðja við íbúa með því að búa þeim bestu mögulegu skilyrði til velferðar og þroska þar sem áhersla er lögð á virðingu, traust og öryggi.

Með þessum áherslum gerum við Grímsnes- og Grafningshrepp að sveitarfélagi sem er eftirsóknarvert að búa í. Við bjóðum nýja íbúa velkomna og gerum okkar besta til taka vel á móti þeim.

Samfélag er hópur fólks sem býr saman í skipulögðum félagsskap. Fólk sem hefur samskipti hvert við annað myndar samfélag, og samfélögin geta verið bæði lítil og stór. Minnstu samfélögin sem maður tilheyrir eru fjölskyldan og vinahópurinn. Næst kemur sveitarfélagið, þá Ísland, Evrópa og loks alheimssamfélagið sem allir íbúar jarðar eru hluti af.

Vísindavefurinn

Stjórnsýsla

Í Grímsnes- og Grafningshreppi miða stjórnsýslan og stofnanir að því að mæta síbreytilegum þörfum og aðstæðum íbúa með markvissum hætti. Hagsmunir íbúa verði hafðir að leiðarljósi við ákvarðanatöku og **jafnræði og jafnrétti** skal gætt í hvívetna gagnvart íbúum. Lögð verði áhersla á **gagnsæi** og góða stjórnsýsluhætti, skjóta afgreiðslu mála, gott aðgengi að upplýsingum og þátttöku íbúa. Ungmennaráð er starfrækt í sveitarfélaginu en með því er börnum og ungmennum gefinn kostur á koma málefnum ungs fólks að og hafa áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir. Sveitarfélagið leggur áherslu á að eiga gott samstarf við atvinnulíf, frjáls félagasamtök, stofnanir og aðra aðila í samfélaginu með það fyrir augum að auka lífsgæði íbúa.

Sveitarfélagið, sem vinnustaður, verði í fararbroddi varðandi góðan aðbúnað fyrir starfsmenn og sveigjanleika í starfi. Lögð verði áhersla á góð vinnuskilyrði, hvetjandi starfsumhverfi, gott upplýsingaflæði og möguleika á sí- og endurmenntun.

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Lokið</i>
Tryggja að stofnanir sveitarfélagsins þekki og starfi í anda samfélagsstefnunnar	Sveitarstjórn	2022
Gera upplýsingar um starfsemi og þjónustu sveitarfélagsins ávallt aðgengilegar og settar fram með skýrum hætti	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Fjölga möguleikum á rafrænni þjónustu	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Tryggja sem jöfnust kynjahlutföll í nefndir, ráð, og stjórnir á vegum sveitarfélagsins	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Halda íbúabing a.m.k. einu sinni á ári eða eftir þörfum, t.d. þegar taka á mikilvægar ákvarðanir	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Efla tengsl og upplýsingagjöf, bæði til íbúa og frístundahúsaeigenda	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi

Fræðslumál

Kerhólsskóli

Í Grímsnes- og Grafningshreppi er rekinn einn sameinaður leik- og grunnskóli, Kerhólsskóli. Skólinn er staðsettur á Borg og er fyrir nemendur frá 12 mánaða aldri til loka 10. bekkjar.

Í Kerhólsskóla er inngildandi skólastarf, skóli margbreytileikans, og tekur námshvatning mið af þroska hvers einstaklings. Gott samstarf er milli leik- og grunnskóladeildar. Samkenntsla árganga, Grænfánastarf, útinám, árhátíðarundirbúningur og nemendaferðir einkenna og setja svip á skólastarfið.

Kerhólsskóli tekur þátt í stefnu sveitarfélagsins um heilsueflandi samfélag. Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og listsköpun. Í leikskóladeildinni hefur verið unnið eftir og þróuð hugmyndafræðin um flæði og læra börn að mestu í gegnum leik.

Haustið 2021 var uppfærð skólastefna Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt og í henni má sjá stefnu sveitarfélagsins í fræðslumálum.

Sjá aðgerðir í skólastefnu Grímsnes- og Grafningshrepps.

Önnur fræðsla

Sveitarfélagið stefnir að því að hafa frumkvæði að fræðslu fyrir aðra hópa en þá sem skilgreindir eru í skólastefnunni. Þessi fræðsla getur ýmist verið fyrir alla sem hafa áhuga eða fyrir skilgreinda hópa s.s. eldri borgara, foreldra o.s.frv.

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Lokið</i>
Bjóða reglulega upp á námskeið sem mæta þörfum eldri borgara	Heilsu- og tómsfundafulltrúi	Alltaf í gangi
Hvetja og styðja við aðila sem vilja bjóða upp á fyrirlestra og námskeið sem nýtast samfélaginu	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi

Frístundir – menning

Stefnan er að í sveitarfélaginu verði alltaf boðið upp á fjölbreytta og áhugaverða frístundabjónustu með áherslu á almenna þátttöku og jafnt aðgengi fyrir alla. Áhersla verði lögð á að mæta þörfum barna og ungmenna fyrir aðstöðu til tómsunda og íþróttastarfs, jafnframt því sem húsnæði í eigu sveitarfélagsins verði betur nýtt í þágu íþróttar-, tómsunda-, og menningarstarfs fyrir alla íbúa sveitarfélagsins.

Í öllu starfi á vegum sveitarfélagsins verði áhersla lögð á lýðræði, valdeflingu og virka þátttöku allra íbúa. Lögð verði áhersla á að tryggja íbúum heilsuefandi og jákvæð viðfangsefni í frítíma sínum. Þjónusta verði starfrækt á heilsársgrunni, þannig að samfella verði í þjónustunni. Einn liður í að stuðla að velferð barna verði að tryggja aðgang þeirra að fjölbreyttu frístundastarfi allan ársins hring.

Sveitarfélagið stefnir á að viðhalda góðu samstarfi við félagasamtök á svæðinu en án þeirra er erfitt að bjóða upp á öflugt íþróttar-, frístunda og menningarstarf í sveitarfélaginu. Gerður verði samstarfssamningur við félögin þess efnis að þau fá styrki gegn því að halda uppi starfi og standa fyrir viðburðum í sveitarfélaginu.

Lögð er áhersla á að börn og ungmenni hafi bein áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir um æskulýðsmál. Þetta endurspeglast meðal annars í ríkri áherslu á samstarf við börn og ungmenni við mótun þessarar stefnu.

Lýðheilsu- og tómsundastyrk er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþróttar-, lista- og tómsundastarfsemi. Börn á aldrinum 5-18 ára geta sótt um styrk auk eldri borgara.

Bókasafnið á Borg er í stöðugri uppbyggingu og stefnan að efla það enn frekar og vinna að því að íbúar sveitarfélagsins nýti sér safnið í meira mæli.

Sveitarfélagið er aðili að Listasafni Árnesinga, Byggðasafni Árnesinga og Hérðsskjalasafni Árnesinga og leitast við að styðja við starfsemi þeirra eftir því sem á við.

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Lokið</i>
Efla þátttöku í íþróttar- og tómsundastarfi á öllum aldri	Heilsu- og tómsundafulltrúi í samvinnu við félagasamtök	Alltaf í gangi
Efla og kynna bókasafnið þannig að íbúar nýti sér það í meira mæli	Bókasafn	Alltaf í gangi
Auka sýnileika ungmennaráðs	Sveitarstjórn	2023
Hvetja til fjölgunar menningarviðburða í sveitarfélaginu	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi

Umhverfi – samgöngur – skipulag

Sveitarfélagið leggur mikla áherslu á umhverfismál og leitar stöðugt leiða til þess að vera leiðandi á sviði umhverfis- og úrgangsmála. Stór hluti af því felst í flokkun á úrgangi og afsetningu seyru, en sveitarfélagið stefnir að því að sinna þeim málaflökkum á sem **ábyrgastan og hagkvæmastan** hátt. Sérstaklega þarf í því sambandi að huga að frístundabyggðum sveitarfélagsins og skal stefna að því að auka flokkun á endurvinnanlegum úrgangi frá þeim markvisst. Þá skal sveitarfélagið hvetja íbúa og gesti sína til þess að vera meðvitaðir um umhverfi sitt og umgangast það af **virðingu**.

Góðar samgöngur eru mikilvægar sveitarfélaginu þar sem stærstur hluti þess skilgreinist sem dreifbýli. Sveitarfélagið leggur því ríka áherslu á að samgöngur séu eins góðar og kostur er, til dæmis með því að huga vel að viðhaldi vega og stíga sem tilheyra sveitarfélaginu og tryggja að vel sé staðið að snjómokstri þegar þess þarf. Þá stefnir sveitarfélagið að því að leggja sitt af mörkum til þess að stuðla að vistvænni samgöngum, t.d. með eflingu almenningsgangna og með því að tryggja innviði fyrir gangandi og hjólandi umferð. Stefnt er að því að skipulag sveitarfélagsins taki mið af þessum áherslum í umhverfis- og samgöngumálum en jafnframt að skipulag sveitarfélagsins stuðli að góðri landnýtingu og eflingu byggðar. Mikilvægt er að tryggja að vatnsvernd sé höfð í huga á þeim stöðum sem nú þegar eru nýttir til vatnstöku og á mögulegum framtíðarstöðum vatnstöku og að ekki verði leyfðar framkvæmdir sem spillt geti vatninu á þeim svæðum. Þá er stefnt að því að skipulagið stuðli að fjölgun útivistarsvæða og grænna svæða í þágu íbúa.

Verkefni	Ábyrgð	Lokið
Innleiða heimsmarkmið sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun	Sveitarstjórn	2022
Hanna hjólastíg á milli Sólheima og Borgar	Sveitarstjórn	2024
Auka flokkun úrgangs, m.a. í frístundabyggðum	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Búa til göngu- og hjólaleiðakort í sveitarfélaginu	Heilsu- og tómstundafulltrúi	2023
Tryggja að svæði sem eru notuð til samgangna og útivistar séu upplýst og hálkufrí	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Uppbygging á grænum svæðum á Borg þannig að þau séu örugg, aðlaðandi og snyrtileg.	Sveitarstjórn	2022-2024
Árlegur hreinsidagur í sveitarfélaginu, auglýstur til íbúa og frístundahúsaeygenda	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Tryggja fjölbreytt framboð byggingalóða, bæði til búsetu og atvinnu	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Tryggja samgöngur fyrir námsmenn	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Búa til loftslagsstefnu sveitarfélagsins	Sveitarstjórn	2022

Félagsþjónusta og velferð

Sveitarfélagið hefur velferð barna, fjölskyldna og fullorðinna einstaklinga ávallt að leiðarljósi og vinnur að því að félagslegur stuðningur sé skilgreindur út frá þörfum þeirra sem þurfa á aðstoð að halda óháð aldri, kyni, heilsu og samfélagsstöðu þeirra. Lögð verði áhersla á að efla **virkni og þátttöku** sem flestra með valdeflingu að leiðarljósi og í samráði við einstaka notendur.

Sveitarfélagið stuðli að fræðslu fyrir börn, foreldra og þá sem starfa með börnum. Markmið forvarnarstarfs og fræðslu verði að foreldrar geti tryggt börnum sínum bestu mögulegu uppvaxtarskilyrði. Þannig koma í veg fyrir vanda þegar þess er kostur en fræðslan snýr einnig að því að skapa þekkingu til að draga úr skaða þegar vandinn er þegar til staðar.

Skóla- og velferðarþjónusta Árneshvíls er umsjónaraðili með félags- og velferðarmálum í sveitarfélaginu. Þeim er ætlað að vinna á grundvelli heildarsýnar í málefnum einstaklinga og fjölskyldna og að stuðla að sjálfbærni skóla og stofnanna þar sem áhersla er lögð á mikilvægi snemmtækra íhlutunar, fræðslu, forvarna og þverfaglegs samstarfs sbr. Lög um þjónustu í þágu farsældar barna.

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Lokið</i>
Aukin forvarnarfræðsla	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Tryggja gott aðgengi að upplýsingum um þjónustu	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Hefja innleiðingu á Barnvænu samfélagi	Sveitarstjórn	2024
Tryggja aðgengi fyrir alla á skipulögðum svæðum	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi

Atvinnumál

Sveitarfélagið leggur áherslu á góð atvinnuskilyrði og góða þjónustu fyrir allt samfélagið. Þannig má betur laða að ný atvinnutækifæri og aukna þjónustustarfsemi. Lögð verður áhersla á að skapa góð skilyrði fyrir fyrirtæki og einkaaðila. Sveitarfélagið leggur áherslu á að efla landbúnað og tengda atvinnustarfsemi enda stór hluti sveitarfélagsins landbúnaðarsvæði. Einn af lykilþáttum fyrir atvinnuuppbyggingu er gott aðgengi að lóðum, bæði til búsetu og atvinnu, og góð þjónusta við íbúa meðal annars með góðum skóla og góðri íþrótt- og tómstundaaðstöðu.

Sveitarfélagið starfrækir vinnuskóla þar sem unglingum sveitarfélagsins gefst tækifæri til að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði í öruggu umhverfi þar sem einnig er fléttað inn fræðslu um ýmis mál tengd vinnumarkaði til að búa þau undir virka þátttöku í framtíðinni.

<i>Verkefni</i>	<i>Ábyrgð</i>	<i>Lokið</i>
Kynna kosti og möguleika sveitarfélagsins	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Stuðla að fleiri og fjölbreyttari störfum	Sveitarstjórn og atvinnumálanefnd	Alltaf í gangi
Efla tengsl á milli sveitarfélagsins, atvinnulífs og skóla	Sveitarstjórn og Kerhólsskóli	Alltaf í gangi
Bæta möguleika fólks til fjarvinnu, m.a. með auknu framboði á húsnæði með nýrri skrifstofubbyggingu.	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi

Lýðheilsa

Samkvæmt Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO) er heilsa líkamleg, andleg og félagsleg vellíðan en ekki einungis að vera laus við sjúkdóma og örorku.

Lýðheilsa felur í sér markvissar aðgerðir hins opinbera og annarra sem miða að því að bæta heilsu, líðan og lífsgæði þjóða og þjóðfélags hópa. Heilsuefling er mikilvægur liður í markvissu lýðheilsustarfi og er ferli sem gerir fólki kleift að hafa aukin áhrif á heilsu sína og bæta hana.

Árið 2020 ákvað sveitarfélagið að gerast þátttakandi í verkefninu Heilsueflandi samfélagi á vegum landlæknisembættisins. Þátttaka í verkefninu er leið til að gera lýðheilsustarf sveitarfélagsins markvissara og hvetur til þess að heilsa og heilsuefling sé hugsuð inn í allt starf sveitarfélagsins. Með þátttökunni og aðgerðum tengdum því er stefnan að gera íbúum og gestum sveitarfélagsins holla valið auðveldara.

Verkefni	Ábyrgð	Lokið
Forvarnarstefna GOGG	Heilsu- og tómstundafulltrúi	2023
Innleiða gátlista Heilsueflandi samfélags (HSAM)	Stýrihópur HSAM	2022
Innleiða Heilsueflandi skóla	Kerhólsskóli	2023
Efla forvarnarfræðslu til foreldra	Heilsu- og tómstundafulltrúi	2022-2024
Fleiri heilsueflandi viðburðir allt árið	Félagasamtök	Alltaf í gangi
Bæta nýtingu á íþróttamiðstöðinni	Sveitarstjórn	Alltaf í gangi
Stækka íþróttamiðstöðina og gera betri líkamsræktaraðstöðu	Sveitarstjórn	2023
Fjölga göngustígum í sveitarfélaginu og kortleggja gönguleiðir	Heilsu- og tómstundafulltrúi	2023

